

Fimmtudaginn 11. desember 1975.

Nr. 18/1973. **Gylfi Guðmundsson**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.**

Farmflutningar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1973. Hann hafði gjafsókn í héraði og var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 13. desember 1973. Krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr hendi stefnda vegna tjóns, er hann varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda 30.—31. ágúst 1967. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Vörur þær, sem málið fjallar um, voru fluttar frá Gautaborg til Reykjavíkur með m/s Dettifossi, sem fór frá Gautaborg 23. ágúst 1967 og kom til Reykjavíkur um óttuleytið 30. s. m. Var vörunum skipað upp hér í Reykjavík þann dag. Afrýjandi bauðst til að taka við vörunum við skipshlið sama dag, en af því gat ekki orðið, þar sem tollskoðun þeirra hafði þá eigi farið fram. Þær voru því áfram í umsjá stefnda og eyðilögðust í bruna, sem braust út í vörugeymsluhúsi hans um kvöldið.

Fyrir Hæstarétti hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þ. á m. er frumrit farmskírteinis varanna. Samkvæmt 1. gr. (Paramount Clause) þess skulu gilda ákvæði Haagreglnanna, en eftir þeim ber farmflytjandi m. a. ekki ábyrgð á bruna-

tjóni, nema það stafi af yfirsjónum hans sjálfs (Fire, unless caused by the actual fault or privity of the carrier). Í 3. gr. skírteinisins (Period of Responsibility) er svofellt ákvæði: „Goods in the custody of the Carrier . . . before loading and after discharge . . . whether awaiting shipment landed or stored . . . , are in such custody at the sole risk of the Owners of the goods and thus the Carrier has no responsibility whatsoever for the goods prior to the loading on and subsequent to the discharge from the vessel . . .“.

Útgáfudagur farmskírteinisins er 23. ágúst 1967, en í málinu er leitt í ljós, að áfrýjandi flaug heim til Íslands hinn 17. ágúst 1967. Kveðst áfrýjandi ekki hafa fengið frá stefnda farmskírteini fyrr en eftir brunann. Hins vegar hafi endurrit þess fylgt bréfi stefnda, dags. 30. ágúst 1967, sem hafi borið sér daginn eftir. Verður að leggja til grundvallar í málinu, að hvorki áfrýjandi sjálfur né nokkur af hans hálfu hafi fengið í hendur skilríki um flutningsskilmála. Ekki verður talið, að áfrýjanda hafi verið eða átt að vera kunn framangreind ákvæði farmskírteinisins. Að svo vöxnu máli getur stefndi ekki borið fyrir sig þau ákvæði farmskírteinisins, sem ganga lengra að leysa hann undan ábyrgð á varningnum en leiða má af meginreglum íslenskra laga.

Samkvæmt 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber farmflytjanda að bæta tjón á farmi, sem er í umsjá hans á skipi eða á landi, nema ætla meg, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu. Opinber rannsókn fór fram vegna brunans í vörugæymsluhúsi stefnda. Liggja þau gögn fyrir í málinu. Þau leiða ekki í ljós, að loku sé fyrir það skotið, að starfsmenn stefnda eigi sök á brunanum.

Stefndi kveðst á hausti hverju hafa birt í dagblöðum tilkynningu þess efnis, að félagið brunatryggi ekki vörur viðskiptamanna í vörugæymslum og liggi vörurnar því þar á ábyrgð vörueigenda. Þessar almennu auglýsingar stefnda geta ekki leyst hann undan ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda.

Rétt þykir, að stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir

Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 125.000 krónur.

Það athugast, að óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri málsins fyrir héraðsdómi.

D ó m s o r ð :

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Gylfa Guðmundssonar, til bóta úr hendi stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, vegna tjóns, er áfrýjandi varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda 30.—31. ágúst 1967.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 125.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. janúar 1973.

Mál þetta höfðaði Gylfi Guðmundsson, Háaleitisbraut 151 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. júní 1968, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 578.000 með 8% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í upphafi málsins voru aðiljar sammála um það, að að svo stöddu yrði málið sótt og varið um bótaskyldu stefnda með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar. Féllst dómurinn á þessa sakarskiptingu. Lauk gagnasöfnun um þennan þátt málsins hinn 5. janúar 1973, og var málið dómtekið um það atriði að lokum munnlegum málflutningi um það hinn sama dag. Gerði stefnandi þá þær dómkröfur, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til fullra bóta úr hendi stefnda á tjóni því,

er hann varð fyrir vegna bruna í Borgarskála 31. ágúst 1967, svo og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóvember 1972, fékk stefnandi gjafsókn í málinu.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af þessum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik samkvæmt stefnu eru þau, að stefnandi, sem var að flytjast búferlum hingað til lands frá Svíþjóð, þar sem hann hafði unnið í nokkur ár, fékk alla búslóð sína flutta frá Gautaborg með m/s Dettifossi, sem kom til Reykjavíkur 30. ágúst 1967. Stefnandi var sjálfur kominn til landsins með fjölskyldu sína nokkru áður og beið í auðri íbúð eftir að fá búslóð sína. Sama daginn og m/s Dettifoss kom til Reykjavíkur, leitaði stefnandi eftir því í skrifstofu stefnda og í skrifstofu tollstjórans í Reykjavík að fá að taka búslóð sína heim beint frá skipi og bauð jafnframt fram tryggingu fyrir væntanlegum gjöldum. Þessu var synjað. Næsta dag fékk hann svo reikning fyrir flutningskostnaði og samrit af farm-skirteini sent í pósti frá stefnda. Er stefnandi leitaði eftir því að fá vörurnar afhentar, var honum tjáð, að vörusendingin, sem var öll búslóð hans, húsgögn, heimilistæki og allt annað, sem heimilis-haldi tilheyrir, auk fatnaðar og persónulegra muna, hefði eyðilagst þá um nóttina í eldsvoða, sem varð í Borgarskála aðfaranótt 31. ágúst 1967. Þetta var svo staðfest með ódagsettu bréfi frá stefnda í september 1967, þar sem stefnanda var boðið bruna-vottorð frá stefnda í stað varningsins, þó aðeins gegn greiðslu á áföllnum kostnaði.

Framangreinda málavaxtalýsingu staðfesti stefnandi sem rétta hér fyrir dómi. Gat hann þess þá, að áður en hann hafi sent búslóð sína hingað til lands, hafi hann farið í skrifstofu umboðsmanns stefnda í Gautaborg til að spyrjast fyrir um tryggingu varanna. Kvað stefnandi umboðsmanninn eða starfsmann í skrifstofu hans hafa tjáð sér, að óþarfi væri að tryggja vörurnar sérstaklega, þar sem þær væru í sjótryggingu um borð í skipinu. Hins vegar hafi hann tryggt vörurnar í Svíþjóð fyrir sænskar kr. 10.000.00, og kvaðst hann hafa gert það til að tryggja sig fyrir hugsanlegum skemmdum á farangrinum. Tók stefnandi fram, að hann hafi ætlað að tryggja varninginn fyrir sænskar kr. 80.000.00, en þar sem umboðsmaður stefnda, eins og áður getur, hafi talið slíkt óþarfa, hafi hann einungis tryggt varninginn fyrir sænskar kr. 10.000.00. Hafi hann fengið þær bætur greiddar, og hafi þær numið 90—100 þúsund íslenskum krónum. Kvað stefnandi systur

sína, Halldóru, hafa verið með sér í skrifstofu umboðs stefnda, er þetta samtali hafi farið fram. Hafi hann verið ókunnugur þessum hlutum, þar sem hann hafi aldrei áður flutt vörur milli landa. Stefndandi kvaðst hafa komið í Borgarskála klukkan 0800 um morguninn eftir brunann. Við þá vettvangsgöngu sína hafi hann ekki séð eitt né neitt af búslóð sinni, en í rústunum hafi hann fundið gullfesti, sem var eign dóttur hans, tvo koparkertastjaka, eina silfurskeið og eitthvert smádót, sem hann mundi ekki að tilgreina, en þessa muni hafi hann fundið seinna um daginn eða daginn eftir.

Halldóra Signý Guðmundsdóttir, systir stefnanda, kvaðst hafa verið með bróður sínum, er hann hafi átt viðtal við umboðsskrifstofu stefnda í Gautaborg. Kvað hún tilgang þeirrar farar hafa verið að kanna, hvort búslóð stefnanda væri komin til Gautaborgar svo og varðandi tryggingu á henni. Kvaðst hún hafa fylgst með öllu samtali stefnanda og starfsmanns umboðsskrifstofunnar, sem hana minnti, að heiti Otto. Hafi þeir tveir farið að tala um tryggingu á vörunum, en þá hafi Otto þessi sagt stefnanda, að alger óþarfi væri að tryggja vöurnar sérstaklega, þar sem þær væru tryggðar um borð í skipinu. Hafi Otto látið þau orð falla, að engin hættu væri á því, að vöurnar eyðilegðust um borð í skipinu. Einnig haft á orði, að það væri alger peningasóun að vera að tryggja vöurnar sérstaklega. Kvað Halldóra stefnanda hafa ætlað að tryggja vöurnar fyrir 60—70 þúsund sænskar krónur. Ottó hafi bent á að taka svokallaða „risk“-tryggingu, og kvað hún sér hafa skilist, að sú trygging væri, ef vöurnar yrðu fyrir hnjaski. Sagði hún, að hún og stefndandi hafi rætt þetta sín í milli á ýmsan veg, en endirinn orðið sá, að stefndandi keypti þessa „risk“-tryggingu að fjárhæð sænskar krónur 10.000.00 og hafi tryggingin verið tekin í umboðsskrifstofunni. Tók hún fram, að Otto hafi viljað koma því mjög ákveðið fram við stefnanda, að alger óþarfi væri, að hann tryggði vöurnar.

Þessir framburðir voru sendir til umboðsmanns stefnda í Gautaborg til umsagnar. Í svarbréfi umboðsmannsins kemur fram eftir athugun þar um, að óhugsanlegt væri, að umboðið hefði ráðlagt viðskiptavinum frá því að flutningatryggja vörur sínar. Og mót-mælir stefndi því eindregið, að svo hafi verið í hér umræddu tilviki. Verður þetta og að teljast ósannað af hálfu stefnanda, enda krafa stefnanda heldur ekki sérstaklega byggð á þessu atriði.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að stefndi hafi tekið að sér flutning varanna frá Gautaborg til Reykjavíkur,

sem hann og gerði, án þess að nokkuð henti vörurnar. Samkvæmt 38. gr. siglingalaga nr. 66/1963 bar stefnda að afhenda vörurnar við skipshlið, enda lauk farmsamningi aðilja, þegar vörunum hafði verið skipað upp úr skipi og stóðu tilbúnar til afhendingar við skipshlið. Frá þessari aðalreglu séu aðeins tvær undantekningar, þ. e. í 95. gr. og 96. gr. laganna, en hvorug þeirra greina taki til hér greinds tilviks. Stefndandi hafi verið reiðubúinn að fullnægja öllum skilmálum, bæði um greiðslu farmgjalds og tolls, ef til þess hefði komið, svo og til að veita vörunum viðtöku. Hafi stefndandi, er vörurnar voru komnar, gert þegar í stað allt, sem í hans valdi stóð, til þess að fá vörurnar afhentar, hafði samband við skrifstofu stefnda og beiddist þess að mega flytja vörurnar beint heim frá skipshlið jafnframt því sem hann bauð fram greiðslu eða tryggingarfé. En bæði þar og í skrifstofu tollstjóra hafi honum verið neitað um alla fyringreiðslu í því efni. Í öðru lagi reisir stefndandi kröfur sínar á því, að það, sem síðar hafi gerst, hafi stefndi gert algerlega upp á sitt eindæmi og ábyrgð, ekki aðeins án samráðs og samþykkis stefnanda, heldur í beinni andstöðu við hann. Það hefði verið vandalaust fyrir stefnda að afhenda vörurnar við skipshlið hinn 30. ágúst 1967, ef vilji hefði verið fyrir hendi, enda hafi slíkt átt sér stað síðar, er stefndandi flutti búslóð öðru sinni síðar með sama skipi. Í þriðja lagi reisir stefndandi kröfur sínar á því, að orsakir brunans megi rekja til vangæslu starfsmanna stefnda á vörslu varanna í geymsluhúsinu, en á þeirri vangæslu beri stefndi ábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð. Bendir stefndandi á í því sambandi, að við rannsókn á orsökum brunans komi fram, að starfsmennirnir í vörugeymsluhúsinu allmargir reyki við vinnu sína innan um vörurnar. Einnig komi þar fram, að notaður var diesellyftari í húsinu, m. a. notaður einum til einum og hálfum klukkutíma fyrir lokun hússins. Enn fremur að virk rafleiðsla hafi verið uppi í kverk hússins, sem hætt var að nota, en ekki hafði verið fjarlægð. Þá bendir stefndandi einnig á það, að næturvörður, sem á staðnum var, hafi að eigin sögn orðið var við brunalykt og séð reykjarslæðu í lofti klukkan 2220. Í stað þess að kanna, hvort þetta kynni að vera á umráðasvæði sínu, gefur hann sér það upp, að verið væri að brenna utan af kapli í nágrannaportinu án þess að sannfæra sig um það. Það hafi svo ekki verið fyrr en röskum klukkutíma síðar, eða klukkan 2323, sem hann gerir sér ljóst, að kviknað er í vörugeymslunni, en þá var eldurinn orðinn mjög magnaður. Ályktun rannsóknarlögreglumannsins, sem annaðist

rannsóknina, sé sú, að eldurinn hafi sennilega verið búinn að búa um sig, frá því að hætt var vinnu, eða frá því klukkan 1900. Af öllu þessu sé ljóst, að stefndi beri skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda á því, að vörurnar fórust í brunanum, en því sé nú ekki mótmælt.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hann hafi ekki bakað sér neina skaðabótaskyldu, hvorki gagnvart stefnanda né öðrum vörueigendum við brunann í Borgarskála hinn 30. ágúst 1967. Það sé að sjálfsögðu meginregla, að réttarsambandi farmflytjanda og farmeiganda ljúki, er vörurnar séu komnar á áfangastað. Meðan vörurnar eru í flutningi, fer um ábyrgð farmflytjanda eftir ákvæðum siglingalaga og þeim ákvæðum, sem í farmskírteini greinir. Samkvæmt svonefndum Haagreglum, sem vísað sé til í 1. gr. farmskírteinisins, gildi sú fortakslausa regla, að farmflytjandi beri ekki ábyrgð á bruna, sem ekki stafi af vanrækslu hans sjálfs. Af því leiði, að jafnvel þótt ákvæði siglingalaga og Haagreglna væru látin gilda um geymslu á varningi stefnanda í Borgarskála, sé ekki um neina bótaábyrgð af hálfu stefnda að ræða. Engin geymsluskylda hvíli á stefnda. Hins vegar þyki eðlilegt, að skipafélag, sem annist flutninga á stykkjavöru, hafi eitthvert geymslurúm eða útvegi geymslurúm fyrir fluttar vörur, en þá aðeins um mjög skamman tíma, eða þann eðlilega tíma, sem það taki viðtakanda að veita vörum viðtöku. Geymsluskylda skipafélaga þekkist ekki í hinum vestræna heimi nema því aðeins, að félag hafi með sérstökum samningi tekið að sér geymslu á vörum fyrir eigendur þeirra. Stefndi hafi aldrei gert neina slíka samninga eða skuldbundið sig til geymslu á aðfluttum vörum. Hins vegar sé skipafélagi beinlínis bannað að afhenda nokkrar vörur, hverju nafni sem nefnast, án þess að leyfi tollstjóra komi til, en slíkt leyfi hafi eigi verið fyrir hendi í hér umræddu tilviki. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafi stefndi aldrei tekið á sig ábyrgð á geymslu vara í geymsluhúsum sínum og margtírekað í auglýsingum, að slíkar vörur séu alfarið á ábyrgð eigenda þeirra. Af framangreindum sökum hafi stefndi neyðst til að byggja og taka á leigu vörugeymsluhús, sem vörur séu geymdar í gegn hóflegu gjaldi, þó ekki fyrstu daga eftir komu þeirra, sem þó hvergi nægi til að standa straum af rekstri geymsluhúsnæðisins. Hafi stefndi haft milljóna króna halla á ári hverju af vörugeymslunum, en þó rekið þær til að greiða sem best fyrir viðskiptamönnum sínum, þá nánast sem óþeðinn erindisrekstur. Af framangreindum ástæðum beri stefndi eigi ríkari skyldur sem

geymslumaður en leiði af Jónsbók, þjófabálki 15, sem segi, að geymanda beri að hirða og varðveita geymsluhluti á sama hátt og eigin hluti, þá er hann vill vel varðveita. Fullyrðir stefndi, að geymsla sín á vörum í Borgarskála hafi á allan hátt fullnægt þessu ákvæði Jónsbókar. Umræddar vörugeymslur hafi verið byggðar samkvæmt ströngustu kröfum yfirvalda. Að tilmælum stefnda hafi farið fram rannsókn á því, hvort eldvarnir hjá sér væru fullnægjandi. Hafi sú rannsókn einnig náð til Borgarskála. Hafi rannsóknin verið framkvæmd af færustu hérlandum aðiljum á sviði eldvarna. Að fenginni þeirri rannsókn hafi stefndi gert allt til úrbóta, sem þurfa þótti, og jafnvel gert betur í því efni en óskað var. Einnig hafi stefndi haft sérstakan vaktmann í Borgarskála sem öðrum vörugeymslum sínum, sem hafi farið um allt svæðið á reglulegum fresti til athugunar á, að allt væri í lagi. Þá hafi stefndi sjálfur átt vörur og tæki að verðmæti kr. 1.800.000 í skála þeim, sem brann. Stefndi hafi fullnægt því öllum skyldum geymslumanns og verði á engan hátt sakaður um vanrækslu í því efni, enda hafi rannsókn eigi leitt í ljós upptök elds eða orsakir eldsvoðans.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 88. gr. siglingalaga nr. 66/1963 lauk flutningasamningi aðilja, þá er vörum stefnanda hafði verið skipað upp úr skipinu hinn 30. ágúst 1967. Hins vegar segir svo í 32. gr. laga um tollheimtu og tollleftirlit, nr. 68/1958: „Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollaafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra . . “. Eigi er annað fram komið en að Borgarskáli hafi haft þá viðurkenningu, sem lagaákvæðið áskilur. Einnig telur dómurinn, að vörur stefnanda falli undir þær vörur, sem lagaákvæðið tilgreinir. Stefndi var þannig neyddur að lögum að flytja vörur stefnanda í vörugeymslu sína, enda hafði stefnandi eigi í höndum þá heimild frá tollyfirvöldum, sem leyft gat stefnda aðra meðferð á vörunum.

Það er álit dómsins, að lagaákvæði þetta geti ekki lagt ríkari ábyrgð á stefnda í þessu tilviki á geymslu vara en sem felst í ábyrgð hans samkvæmt lagaákvæðum um ábyrgð venjulegs

geymslumanns, enda verður að telja, að lagaákvæðið bindi eiganda vara með sama hætti.

Ákvæði um ábyrgð geymslumanns eru í þjófabálki Jónsbókar, kap. 15, en þar segir, að geymslumaður skuli hirða og varðveita geymsluféð sem sitt eigið, það sem hann vill vel varðveita.

Eins og fyrr segir, kemur eigi annað fram en að Borgarskáli hafi fullnægt þeim kröfum, sem gera verður um vörugeymsluhús.

Allitarleg rannsókn fór fram vegna margnefnds bruna. Í niðurstöðu rannsóknarlögreglumannsins, sem rannsóknina hafði með höndum, segir, að eldurinn hafi sennilega verið búinn að búa um sig, frá því að vinnu hætti, eða gæti hafa verið það, og því meiri hiti og reykur inni því lengur sem þetta hefur staðið yfir, þar sem skemmurnar séu fremur þéttar, en orsök eldsupptaka séu hins vegar ókunn. Í niðurstöðunni kemur þó fram, að starfsmenn í vörugeymslunni reyki margir við vinnu þar. Einnig kemur þar fram, að vaktmaðurinn hafi fyrst farið í eftirlitsferð klukkan 2045 og þá fyrst austur um. Næst fari hann í eftirlitsferð klukkan 2200 og fari þá fyrst vestur með skýlinu við skemmu 2 og vestur fyrir hana, aftur til baka fram hjá norðvesturskýlisenda, norður um svæðið, austur um það og til baka að vaktskúrnum klukkan 2220 og verður þá var við brunalykt og sér reykjarslæðu í lofti, en haldi, að verið væri að brenna utan af kapli í Sindraporti, en („þá hljóti að vera kviknað í skemmunni fyrir nokkru, þar sem hann verði ekki var við snark eða nokkuð óeðlilegt, er hann fari alveg við skýlishornið í tvö skipti“), eins og segir í niðurstöðu rannsóknarlögreglumannsins.

Þrátt fyrir reykingar starfsmanna, notkun diesellyftara og þess, að vaktmaðurinn kannaði ekki sjálfstætt ástæður brunalyktar og reykjarslæðu í lofti, þá að koma úr allsherjar eftirliti um svæðið, þykja eigi vera slík mistök af hendi stefnda, að hann verði dæmdur bótaskyldur á tjóni því, er stefnandi varð fyrir vegna umrædds eldsvoða. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 60.000 í málssóknarlaun.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Jónssyni forstjóra og Kristjáni Flygenring verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gylfa Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður stefnanda, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 60.000.

Föstudaginn 12. desember 1975.

Nr. 70/1974. **Jón Loftsson h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Véltaki h/f

(Jón Finnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Lausafjárkaup. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal þýðing á bréfi frá hinum erlenda framleiðanda einangrunarefnisins. Í bréfi þessu telur hann, „að e. t. v. hafi rúllurnar ekki verið „hristar upp“ á réttan hátt . . .“. Þá sé sá möguleiki fyrir hendi, að ef einangrunarefnið hafi orðið fyrir miklum þrýstingi, annað hvort í geymslu eða flutningi, gætu trefjar þess hafa skemmst og það komið í veg fyrir, að efnið næði fullri þykkt af nýju.